

Nr. 1197

28. desember 2005

REGLUR um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2006.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2006 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila, sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2006.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búsfárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarala og afraksturs eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir, sem falla undir reglur þessar, afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsfurða o.fl. vegna tekjuársins 2006 er sem hér segir:

Mjólk	44 kr. hver lítri
Egg	280 kr. hvert kg
Kartöflur	35 kr. hvert kg
Rófur	75 kr. hvert kg
Lambakjöt	320 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé	290 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé	135 kr. hvert kg
Ungnautakjöt	370 kr. hvert kg
Annað kjöt af nautgripum	240 kr. hvert kg
Folaldakjöt	215 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum	90 kr. hvert kg
Grísakjöt	240 kr. hvert kg
Annað svínakjöt	175 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir	415 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt	230 kr. hvert kg
Fiskur	200 kr. hvert kg

Fjármálaráðuneytinu, 28. desember 2005.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2006.